

1869.
15. apríl. 68 sk. á ári, hafið þér lagt fram með, samkvæmt reglugjörð 27. nóvembermán. 1846 24. gr., að veitt verði samþykki til þess, að það megi selja tæðan túnblett til erfðafestu með þeim kjörum, sem vikið er á í bræfi bæjarstjórnarinnar.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörði það, að dómsmálastjórnin veitir hér með samþykki sitt til þess, sem um hefir verið sókt.

15. apríl. **34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um þóknun fyrir lækningar.**

Nú er dómsmálastjórnin hefir fengið bréf yðar, herra amtmaður, dagsett 28. janúarmán. þ. á., hefir Tegner, lækni af gufuhvalaveiðaskipinu „Thomas Roys“, verið veitt 150 rd. þóknun fyrir það, að hann í fyrra, þegar skipið hefir komið við á fjörðunum á Austurlandi, hefir hjálpið landsmönnum með lækningum sínum, án þess að þiggja neina borgun fyrir það. Þetta skal yður hér með til vitundar gefið, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörði það sýslumönnum í Múlasýslunum, W. Olivarius og O. Smith.

15. apríl. **35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um ótta fyrir hallæri í norður- og austuramtinu.**

Í bræfi dagsettu 20. febrúarmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, skýrt frá ástandinu í norður- og austuramtinu, og látið það álit yðar í ljósi, að þrátt fyrir það, að undanfarinn vetur var góður og vorði eins, og sumarið var hagstædt bæði fyrir skepnuhöld og heyskap, þá vofi mikið hallæri yfir í mörgum héraðum í amtinu, nema þeim verði veitt hjálp á einhvern hátt,

og sé það einkum að kenna slæmu verði á verzlunarvörum og líka því, að landsmenn sé svo tregir á að slátra nógu mörgum skepnum til vetrarforða.

Jafnframt og þess skal getið, að þaræð þér, herra amtmaður, hvorki hafið tekið til þau h eruð í norður- og austuramtinu, þar sem mest ástæða er til að óttast hallæri, nè heldur vikið á, hverjar ráðstafanir mundu vera hagfeldastar til að afstýra því, þá er það eitt næg orsök til, að stjórnarráðið sér sér ekki fært að gjöra neitt í því skyni með aðstoð ríkissjóðsins, skal yður til vitundar gefið, að stjórnarráðið hefir sent nefndinni hér í bænum, sem sett hefir verið til að afstýra hallæri í suður- og vesturamtinu, eptirrit af ofan nefndri skýrslu yðar, og vakið máls á við hana, hvort hún treysti sér ekki til að láta mönnum í norður- og austuramtinu einhverja hjálp í tæ í þessu skyni.

1869.

15. apríl.

36. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um samsteyping á Stórutjörnum og Litlutjörnum í Þingeyjarsýslu.

15. apríl.

Með bréfi dagsettu 11. nóvembermán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt í útleggingu á dönsku ásamt með álitsskjali hlutadeigandi sýslumanns um það; í því fer Eggert Gunnarsson, umboðsmaður yfir norðurhluta Múkaþverárklostursjarða, þess á leit, að þegar næst verða leiguliðaskipti á Litlutjörnum, þá megi steypa þeim saman við Stórutjarnir í eina jörð — en báðar þessar jarðir liggja undir tæð umboð — á þann hátt, sem vikið er á í skoðunargjörð, er einnig fylgdi með bréfi yðar, það er að segja, að húsin á Litlutjörnum verði rifin niður, og að timbrinu úr þeim verði varið til að fjölga húsunum á Stórutjörnum. Hafið þér lagt til með, að þessi uppástunga verði tekin til greina á þann hátt, að afgjaldið af jörðunum sameinudum verði ákveðið til 240 álna, þ. e. 140 álna landskuld og 100 álnir í kúgildaleigur.

Nú er skrifazt hefir verið á við reikningastjórnardeild kon-